Reykjavík, 16. nóvember, 2026
VEL26080114

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Velferðarráð
Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Gjaldtaka sveitarfélaga fyrir stuðningsþjónustu, einkum þegar þjónustan felst að mestu í þrifum

Forsaga:

Á fundi velferðarráðs 2.september 2026 var samþykkt svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Viðreisnar og Framsóknarflokksins um gjaldskrá stuðningsþjónustu og fyrirkomulag þrifþjónustu:

Lagt er til að velferðarsvið taki saman og kynni fyrir velferðarráði upplýsingar um gjaldtöku vegna stuðningsþjónustu hjá Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum. Sérstaklega verði skoðað hvernig gjaldtöku er háttað þegar þjónustan felst eingöngu eða að mestu leyti í þrifum

Óskað er eftir að í samantektinni verði meðal annars gerð grein fyrir:

- *Hvernig önnur sveitarfélög skilgreina og afmarka þrif innan stuðningsþjónustu.*
- *Hvort og með hvaða hætti gjald er tekið fyrir þjónustuna.*
- *Hvort gjaldtakan er tekjutengd, tímagjald, fast gjald eða byggð á öðrum viðmiðum.*
- *Hvaða undanþágur eða afslættir eru veittir vegna tekna, félagslegra aðstæðna eða umfangs þjónustu.*
- *Hvernig tryggt er að gjaldtaka dragi ekki úr möguleikum einstaklinga, sem þurfa heimastuðning, til að búa áfram á eigin heimili.*

Jafnframt er óskað eftir að fram komi stutt kynning á því hvernig sambærileg þjónusta er skipulögð á Norðurlöndunum, einkum þjónusta sem eingöngu varðar þrif og hefur meðal annars verið nefnd „eingöngu þrif“ eða „fjórði flokkur“. Fram komi hvort þjónustan sé veitt af sveitarfélögum, einkaaðilum eða öðrum þjónustuaðilum, hvaða skilyrði gilda um aðgang að henni og hvernig kostnaðarþátttöku notenda er háttað. Óskað er eftir að sviðið leggi fram nokkrar útfærðar tillögur að breyttri gjaldskrá stuðningsþjónustu, sérstaklega þrifþjónustu. Tillögurnar sýni mismunandi leiðir að gjaldtöku og áhrif þeirra á notendur, tekjur og rekstur. Sérstök áhersla verði lögð á að verja tekjulága einstaklinga og þá sem eru háðir heimastuðningi til að geta búið áfram heima. Við mat á tillögunum verði byggt á fyrirliggjandi minnisblöðum um fjárhagsleg áhrif breyttrar gjaldtöku. Fram komi áætlaðar viðbótartekjur eða sparnaður af hverri leið, áhrif á eftirspurn eftir þjónustu og möguleg áhrif á kostnað annars staðar í þjónustukerfinu

Greinargerð:

Í minnisblaði þessu er fjallað um fyrirkomulag og gjaldtöku vegna stuðningsþjónustu hjá Reykjavíkurborg og nokkrum öðrum sveitarfélögum, með sérstakri áherslu á þjónustu

sem felst eingöngu eða að mestu leyti í þrifum. Einnig er gerð grein fyrir sambærilegu fyrirkomulagi á Norðurlöndunum og settar fram tillögur að mögulegum breytingum á gjaldskrá Reykjavíkurborgar. Í þessu minnisblaði er með hugtakinu heimastuðningur átt við stuðningsþjónustu sem eingöngu felur í sér þjónustu inni á heimili fólks. Þar sem Reykjavíkurborg rekur samþætta félags- og heilbrigðisþjónustu er heimaþjónusta yfirheiti yfir heimahjúkrun og heimastuðning (stuðningsþjónusta samkvæmt lögum).

Skilgreining og afmörkun á þrifum innan stuðningsþjónustu
Stuðningsþjónusta er veitt einstaklingum sem þurfa aðstoð við athafnir daglegs lífs vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda, fötlunar eða annarra félagslegra aðstæðna. Markmið þjónustunnar er meðal annars að styðja einstaklinga til sjálfstæðrar búsetu og gera þeim kleift að búa sem lengst á eigin heimili (sjá 25. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 um markmið stuðningsþjónustu).

Þrif eru almennt skilgreind sem einn þáttur stuðningsþjónustu og geta verið veitt samhliða annarri aðstoð, svo sem félagslegum stuðningi, aðstoð við persónulega umhirðu eða öðrum heimilisstörfum. Þjónustan getur einnig í ákveðnum tilvikum falist eingöngu eða að mestu leyti í þrifum.

Mismunandi er á milli sveitarfélaga hvernig þrif eru afmörkuð, meðal annars hvað varðar:

- hvaða verk teljast til almennra þrifa,
- hversu oft þjónustan er veitt,
- hámarksfjölda tíma eða heimsókna,
- hvort þrif eru veitt sem sjálfstæð þjónusta eða aðeins sem hluti af víðtækari stuðningsþjónustu,
- hvort ætlast er til að notandi leggi til áhöld og hreinsiefni,
- og hvort þjónustan er veitt af starfsfólki sveitarfélags eða keypt af einkaaðilum.

Almennt er miðað við nauðsynleg þrif á helstu vistarverum heimilisins en ekki stórhreingerningar eða verk sem teljast til sérhæfðrar ræstingar. Nánari afmörkun er þó mismunandi eftir reglum og framkvæmd hvers sveitarfélags.

Gjaldtaka, tekjutening og undanþágur
Í Reykjavík er greitt fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. fyrir þrif og heimsendan mat samkvæmt gildandi **gjaldskrá** sem samþykkt er á fundi velferðarráðs árlega, sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Heimilt er að sækja um undanþágu frá gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif ef umsækjandi fær aðeins tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir. Gjald fyrir léttari þrif er 1.715 kr. fyrir hvert skipti og umfangsmeiri þrif 3.430 kr. fyrir hvert skipti. Þjónusta í formi þrifa sem eru umfram fjögur skipti á mánuði á hvert heimili er endurgjaldslaus enda þá um sérstakar aðstæður að ræða.

Sveitarfélög fara mismunandi leiðir við gjaldtöku vegna stuðnings og þrifa. Í sumum sveitarfélögum er tekið gjald fyrir almenna aðstoð við heimilishald og þrif en persónuleg umönnun veitt án gjalds eins og í Reykjavík. Annars staðar er gjaldtakan háð umfangi þjónustunnar, tekjum notanda eða því hvort þjónustan felist eingöngu í þrifum.

Helstu leiðir sveitarfélaga eru:

- tímagjald fyrir veitta þjónustu,
- fast gjald fyrir hverja heimsókn,

- tekjutengt gjald,
- þrepaskipt gjald eftir tekjum eða umfangi þjónustu,
- og hámarksgjald á mánuði óháð fjölda veittra tíma.

Gjaldtaka byggist almennt á gjaldskrá sem samþykkt er af sveitarstjórn og er endurskoðuð reglulega. Tekjutenging getur verið útfærð þannig að einstaklingar undir ákveðnum tekjum greiði ekkert eða lægra gjald. Aðrir greiða stigvaxandi gjald eftir tekjum, þó yfirleitt ekki hærra en sem nemur skilgreindu hámarksgjaldi. Í sumum tilvikum er gerður greinarmunur á annars vegar persónulegri aðstoð og hins vegar almennum þrifum. Þrif geta þá borið sérstakt gjald þótt önnur stuðningsþjónusta sé gjaldfrjáls líkt og í Reykjavík.

Undanþágur og afslættir
Í Reykjavík er heimilt að sækja um undanþágu frá gjaldskyldu hvað varðar aðstoð við þrif ef umsækjandi fær aðeins tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

Í öðrum sveitarfélögum geta undanþágur og afslættir meðal annars byggst á:
- tekjum notanda og eftir atvikum maka,
- félagslegum aðstæðum,
- miklu eða langvarandi þjónustuþarfamati,
- því hvort einstaklingur sé háður þjónustunni til að geta búið áfram heima,
- sérstakri fjárhagslegri byrði vegna veikinda eða fötlunar,
- og mati á ráðstöfunartekjum að teknu tilliti til nauðsynlegra útgjalda.

Mögulegt er að veita fulla undanþágu þeim sem eru undir ákveðnum tekjumörkum, lækka gjald samkvæmt tekjuþrepum eða ákveða hámark á mánaðarlegri greiðslu. Einnig getur verið heimilt að víkja frá gjaldtöku þegar sérstakar félagslegar eða fjárhagslegar aðstæður mæla með því. Við útfærslu undanþága þarf að gæta þess að reglurnar séu skýrar, fyrirsjáanlegar og einfaldar í framkvæmd. Jafnframt þarf að tryggja að umsóknarferli verði ekki svo íþyngjandi að þeir sem eiga rétt á lækkun eða undanþágu nýti sér hana ekki.

Vernd þeirra sem þurfa heimaþjónusta til að geta búið áfram heima
Gjaldtaka vegna heimaþjónustu má ekki verða til þess að einstaklingar hafni nauðsynlegri þjónustu eða dragi úr notkun hennar með þeim afleiðingum að sjálfstæð búseta þeirra verði í hættu. Til að draga úr þeirri áhættu er mikilvægt að heimastuðningur (annað en þrif) verði áfram án gjalds, að fólk sem einungis hefur tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir þurfi ekki að greiða fyrir heimastuðning í formi þrifa.

Við mat á áhrifum gjaldtöku þarf einnig að líta til þess að skerðing á heimastuðningi getur leitt til aukinnar þarfar fyrir kostnaðarsamari þjónustu. Þar má nefna fjölgun heimsókna heilbrigðisstarfsfólks, aukið álag á aðstandendur, meiri þörf fyrir dagþjálfun eða tímabundna dvöl og fyrr en ella þörf fyrir búsetu á hjúkrunarheimili.

Fyrirkomulag þrifa á Norðurlöndunum
Á Norðurlöndunum er stuðningsþjónusta á heimilum almennt skipulögð af sveitarfélögum en framkvæmdin getur verið í höndum sveitarfélagsins sjálfs, einkarekinna fyrirtækja eða annarra viðurkenndra þjónustuaðila.

Í sumum sveitarfélögum á Norðurlöndum er gerður greinarmunur á þjónustu við einstaklinga sem þurfa víðtækan heimastuðning og þjónustu og þá sem þurfa eingöngu aðstoð við þrif. Síðarnefnda þjónustan er kölluð „eingöngu þrif“. Aðgangur að henni getur byggst á formlegu mati á því hvort einstaklingur geti sjálfur annast nauðsynleg þrif og hvort aðrir á heimilinu geti sinnt verkefninu.

Algeng einkenni slíks fyrirkomulags eru:

- að þjónustan takmarkist við reglubundin grunnþrif,
- að hún sé veitt sjaldnar en víðtækari heimastuðningur,
- að notandi greiði hluta kostnaðar,
- að greiðslan sé tekjutengd eða háð greiðsluþaki,
- að þjónustan sé boðin út eða veitt í gegnum viðurkennda einkaaðila,
- og að önnur og umfangsmeiri þjónusta sé veitt ef heilsufar eða færni notanda versnar.

Við samanburð við Norðurlöndin þarf að hafa í huga mismunandi lagaumhverfi, fjármögnun sveitarfélaga og réttindi notenda. Norrænar leiðir geta því fremur nýst sem fyrirmyndir að afmörkun og útfærslu en sem beint yfirfæranlegar lausnir.

Það sem oft er kallað „*sænska leiðin*“ byggir á svokölluðum RUT-afslætti (RUT-avdrag). Í Svíþjóð geta einstaklingar fengið skattaafslátt vegna vinnukostnaðar við ákveðna þjónustu, meðal annars þrif, heimilishjálp, garðvinnu, flutninga, ákveðna þjónustu fyrir aldraða heima ofl. Afslátturinn nemur almennt 50% af vinnukostnaði þjónustunnar. Ef einstaklingur kaupir þrif fyrir 20.000 sænskar krónur er kostnaður hans í reynd 10.000 kr. því ríkið greiðir helming á móti í formi skattaívilnunar. Upphaflega var afslátturinn tengdur skattframtali en nú er notast við svokallað „*fakturamodellen*“.

Í því felst:

- fyrirtækið gefur út reikning með afslættinum þ.e. einungis greiðsluhlutdeild viðskiptavinar
- viðskiptavinur greiðir eingöngu sinn hluta
- fyrirtækið sækir endurgreiðslu til sænskra skattayfirvalda (Skatteverket).

Fólk þarf því ekki að bíða fram að álagningu skatta ári seinna til að njóta afsláttarins. Þessi leið felur í sér að einstaklingur getur falið hvaða fyrirtæki sem er að veita þjónustuna svo lengi sem fyrirtækið gefur út reikning.

Tillaga um breytingu á gjaldskrá stuðningsþjónustu vegna þrifa - Akureyrarleið

Lagt er til að fara svokallaða Akureyrarleið hvað gjaldtöku varðar. Þegar eingöngu er óskað eftir þrifum, eða mat á stuðningsþörf leiðir í ljós að þörfin er eingöngu fyrir þrif, er réttur til þjónustunnar háður tekjum umsækjanda og maka. Hafna skal umsókn um þrif ef tekjur umsækjanda og maka eru yfir tekjumörkum og umsækjandi er eingöngu í þörf fyrir þrif en ekki annan stuðning. Það að umsækjandi sé reiðubúinn að greiða fyrir þrif breytir ekki þessari niðurstöðu.

Tekjumörk sem notuð eru á Akureyri árið 2026 eru 607.595 kr. á mánuði fyrir einstakling og 1.215.190 kr. á mánuði fyrir hjón. Þau miðast við skattskyldar tekjur, þ.m.t. fjármagnstekjur, samkvæmt skattframtali ársins á undan og hækka árlega samkvæmt reglum sveitarfélagsins.

Ef umsækjandi er metinn í þörf fyrir annan stuðning auk þrifa útiloka tekjur yfir tekjumörkum ekki samþykkt þrifa sem hluta af stuðningsþjónustu. Í þeim tilvikum er greitt fyrir þrif samkvæmt gildandi gjaldskrá. Gjald fyrir aðstoð við almenn heimilisstörf á Akureyri er 1.767 kr. fyrir hverja unna klukkustund. Aldrei er þó innheimt fyrir meira en tíu klukkustundir á mánuði. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls. Við ákvörðun um gjaldtöku er miðað við tekjur umsækjanda og maka, þ.m.t. fjármagnstekjur. Þeir sem óska eftir undanþágu frá gjaldskyldu skulu leggja fram nýjasta skattframtal og staðgreiðsluyfirlit yfirstandandi árs.

Ef farin er þessi leið þá leiðir það til breytinga á núverandi reglum Reykjavíkurborgar þar sem skýrt þarf að koma fram að „þeir sem eru yfir tekjumörkum og þurfa eingöngu aðstoð við þrif **verði synjað** um þjónustuna.“ Einnig þarf að breyta umsóknarblaði á þann hátt að viðkomandi gefi heimild fyrir að skattaupplýsingar verði rýndar til ákvörðunar um höfnun eða ekki.

Áætluð skipting í þrjá gjaldahópa
Ef farin yrði Akureyrarleiðin þá yrði um þrjá gjaldahópa að ræða vegna heimaþrifa í Reykjavík:

- **Hópur 1.** Gjaldaniðurfelling ca. **5%**: Einstaklingar með mánaðartekjur undir 486.076 kr. fengju þjónustuna án greiðslu.
- **Hópur 2.** Greiðslur ca. **55%**: Einstaklingar með mánaðartekjur á bilinu 486.076–607.595 kr. greiddu fyrir þjónustuna samkvæmt gjaldskrá.
- **Hópur 3.** Höfnun vegna tekna ca. **40%**: Einstaklingar með mánaðartekjur yfir 607.595 kr. fengju höfnun vegna tekna yfir viðmiðunarmörkum.

Hlutföllin sem hér eru sett fram byggja á gögnum Hagstofunnar um tekjur 67 ára og eldri árið 2025. Fjöldi þeirra sem eru með gjaldaniðurfellingu er á bilinu 2-3% (fer eftir mánuðum). Gert er ráð fyrir því að ef allir þurfa að gefa fram tekjur að þetta hlutfall hækki lítillega en í dag þarf sérstaklega að sækja um gjaldaniðurfellingu. Hóparnir ná samtals til 100% áætlaðs þýðis. Hlutföllin lýsa áætlaðri skiptingu einstaklinga eftir tekjum, ekki hlutfalli af heildartekjum eða greiðsluhlutfalli þjónustugjalds.

Tillaga um breytingu á verklagi við meðferð umsókna

Aðgengi að umsókn um heimastuðning er mjög gott og einfalt er að sækja um á mínum síðum eða skila inn umsókn á pappír. Talsverð vinna skapast við að taka formlega við umsóknum og vinna að frekari öflun gagna. Einnig eru talsverðar væntingar meðal íbúa, heilbrigðiskerfis og ráðgjafa á velferðarsviði um að heimastuðningur geti sinnt einstaklingum með flóknar stuðningsþarfir, án þess að mönnun, fagleg samsetning og fyrirkomulag þjónustunnar sé endilega sniðið að slíkum verkefnum. Mikilvægt er að efla upplýsingagjöf um hvert hlutverk og inntak þjónustunnar er samkvæmt gildandi reglum, þannig að skýrt sé hvað þjónustan felur í sér og hvaða væntingar er raunhæft að gera til hennar. Auk þess er mikilvægt að draga úr kostnaðarsamri umsýslu varðandi umsóknir sem alla jafna er hafnað seinna í ferlinu.

Starfshópur er nú að störfum innan heimaþjónustu Reykjavíkurborgar um skipulag endurhæfingarteyma í heimaþjónustu, hlutverk endurhæfingarteyma á móttöku og matsfundum (Móma fundir) og hverning mat á þörf og þjónustu í 4. flokki stuðningsþjónustu eigi að vera háttað. Niðurstöður hópsins verða nýttar m.a til að vanda betur meðferð umsókna og svara til íbúa, og leggja mat á hvort þörf sé á annarri útfærslu stuðningsþjónustu til yngra fólks.

Tillaga um breytingu á vinnulagi í 4. flokk heimastuðnings

Lagt er til að vinnulag í 4. flokki heimastuðnings verði endurskipulagt með það að markmiði að veita markvissari og einstaklingsmiðaðri þjónustu til að draga úr því að regluleg og ótímabundin þrifaþjónusta verði sjálfgefin sem viðvarandi þjónusta. Þó viðkomandi hafi verið metinn í þörf fyrir þjónustu 4. flokks þá skal áhersla vera á færni, hæfandi nálgun, hjálpartæki og virkni einstaklings áður en varanleg aðstoð við heimilishald er ákveðin.

Eftir að þjónusta sem felst eingöngu í þrifum hefur verið samþykkt er metið nánar hvað einstaklingurinn getur sjálfur, hvað hann gæti gert með breyttum vinnubrögðum eða hjálpartækjum og hvort líkur séu á að þjálfun geti aukið sjálfsbjargargetu. Út frá því mati yrði einstaklingi beint í eina af þremur meginleiðum:

1. ***Ráðgjöf, leiðsögn og einfaldar lausnir***. Þegar einstaklingur getur sinnt heimilishaldi að verulegu leyti en þarf stuðning við skipulag, vinnubrögð eða hjálpartæki. Þar gæti meðal annars komið til ráðgjöf um að skipta verkefnum niður yfir vikuna, breyta vinnuaðferðum eða nýta hjálpartæki og velferðartækni, svo sem ryksuguvélmenni.
2. ***Tímabundin langtíma færniþjálfun.*** Þegar talið er raunhæft að einstaklingur geti aukið færni sína verði boðið markmiðsbundið ferli, í allt að 12-24 vikur. Þjálfunin fari fyrst og fremst fram á heimili einstaklingsins og beinist að þeim verkefnum sem hann þarf að geta sinnt í daglegu lífi. Eftir tímabilið fari fram endurmat.
3. ***Áframhaldandi þjónusta***. Þegar mat sýnir að einstaklingur þarf reglulega aðstoð til lengri tíma verði gerð einstaklingsbundin þjónustuáætlun. Aðstoðin geti verið mis mikil, allt frá hlutaaðstoð þar sem einstaklingurinn tekur þátt eftir getu yfir í fulla framkvæmd þeirra verkefna sem hann ræður ekki við.

Þannig verður meginspurningin ekki eingöngu „á viðkomandi rétt á þrifum?“ heldur „hvaða stuðning þarf viðkomandi til að geta haldið heimili og búið áfram heima?“. Mikilvæg breyting frá núverandi fyrirkomulagi væri að jafnvel meðal þeirra sem eru metnir að þurfi á 4. flokki að halda hafi þjónustan skýrt upphaf, markmið og endapunkt. Að loknu færni- eða endurhæfingarferli yrði metið hvort einstaklingurinn:

- geti sinnt verkefnunum sjálfur eða með einföldum lausnum,
- þurfi áfram hlutaaðstoð eða leiðsögn,
- eða þurfi reglulega stuðningsþjónustu til lengri tíma.

Þannig væri hægt að koma í veg fyrir að tímabundin þörf þróist sjálfkrafa yfir í ótímabundna þjónustu án endurmats.

Tillaga um nýtt þjónustutilboð til 67 ára og yngri

Alls voru 19,3% þeirra sem fengu heimastuðning í ágúst 2026, 66 ára eða yngri og þar af 6,1% yngri en 50 ára. Mikilvægt er að gera þennan hóp eins sjálfstæðan og frekast er hægt. Þörf er á að greina betur hópinn og lagt er til að farið verði í þá vinnu meðal annars með samtali við ráðgjafa velferðarsviðs varðandi þarfir þeirra fyrir þjónustu sinna skjólstæðinga. Í framhaldi verði kannað hver kostnaður yrði við að bjóða upp á regluleg námskeið í heimilishaldi t.d. á félagsmiðstöðum. Með slíkum námskeiðum væri hvorki verið að samþykkja kostnaðarsama þjónustu til frambúðar né er verið að hafna algjörlega þörf einstaklings fyrir aðstoð við að halda heimili.

Fylgiskjal 1.
Fyrirkomulag í öðrum sveitarfélögum. Samanburður á gjaldtöku nokkurra sveitarfélaga árið 2026

Sveitarfélag	Gjald	Tekjutenging og undanþágur	Hámark eða önnur vernd
Akureyri	1.767 kr. á klst. fyrir aðstoð við heimilisstörf	Gjaldskráin virðist ekki almennt þrepaskipt eftir tekjum. Nánari staðfestingar er þörf á undanþágum.	Aldrei innheimt fyrir meira en 10 klst. á mánuði.
Kópavogur	1.509 kr. á klst.	Einstaklingar með tekjur að 457.976 kr. á mánuði greiða ekkert. Viðmið hjóna/sambýlisfólks er 744.211 kr.	Tekjulægsti hópurinn er undanþeginn. Ekki kemur fram sérstakt mánaðarlegt greiðsluþak.
Garðabær	1.165–3.515 kr. á klst. fyrir elli- og örorkulífeyrisþega; aðrir greiða 20% meira	Þeir sem hafa lágmarksframfærslu TR eru undanþegnir. Frítekjumark er 523.896 kr.	Hámarksgreiðsla er 44.250 kr. á mánuði.
Hafnarfjörður	0–1.333 kr. á klst.	Þrjú tekjuþrep fyrir einstaklinga og hjón/sambýlisfólk.	Tekjulægsti hópurinn greiðir ekkert.
Mosfellsbær	2.500 kr. á klst.; elli- og örorkulífeyrisþegar greiða 1.152 kr.	Þeir sem hafa eingöngu elli- eða örorkulífeyri og óskerta tekjutryggingu greiða ekkert.	Lífeyrisþegar greiða aldrei meira en 75% af tekjum umfram skilgreindan lífeyri. Heimilt er að lækka eða fella niður gjald vegna efnahags og annarra aðstæðna.
Árborg	0, 1.892 eða 2.538 kr. á klst.	Þrjú tekjuþrep. Einstaklingar á eða undir framfærsluviðmiði TR greiða ekkert. Hjón/sambýlisfólk með tekjur undir 792.680 kr. greiða ekkert.	Gjald hækkar í tveimur skrefum eftir tekjum. Ekki kemur fram sérstakt mánaðarlegt greiðsluþak.
Fjarðabyggð	1.868 kr. á klst.	Hægt er að sækja árlega um niðurfellingu gjalds á grundvelli tekna. Tekjumörk miðast við bætur almannatrygginga.	Aldrei innheimt fyrir meira en 2 klst. á viku. Þjónusta umfram það er gjaldfrjáls.